

LÖG

um verðbréfamiðlun.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar, gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru.

I. KAFLI

Orðskýringar.

1. gr.

Með verðbréfi er í lögum þessum átt við hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.

2. gr.

Með verðbréfamiðlun er í lögum þessum átt við hvers konar milligöngu um kaup eða sölu verðbréfs, kaup eða sölu verðbréfs í annarra þágu og ráðgjöf sem veitt er gegn endurgjaldi um slík kaup eða sölu.

Með verðbréfamiðlara er í lögum þessum átt við þann sem fengið hefur leyfi samkvæmt 4. gr. og þá sem starfa undir stjórn og á ábyrgð hans að verðbréfamiðlun.

3. gr.

Verðbréfasjóður merkir í lögum þessum sérhvern lögaðila er gefur út verðbréf sem eru boðin almenningi til kaups og hefur að markmiði að annast kaup og sölu verðbréfa í eigin nafni.

II. KAFLI

Leyfi til verðbréfamiðlunar og rekstrar verðbréfasjóðs.

4. gr.

Óheimilt er að hafa með höndum verðbréfamiðlun nema með leyfi viðskiptaráðherra, sbr. þó 5. mgr. Leyfi til þeirrar starfsemi skal veitt fullnægi umsækjandi eftirfarandi skilyrðum:

- Er íslenskur ríkisborgari og heimilisfastur hérlandis.
- Hefur óflekkað mannorð.
- Er fjárráða og hefur aldrei verið sviptur forræði á búi sínu.
- Hefur lokið viðurkenndu prófi í hagfræði, lögfræði, viðskiptafræði eða er löggiltur endurskoðandi. Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn stjórnar Verðbréfaþings Íslands, að víkja frá skilyrði þessu hafi umsækjandi sambærilega menntun eða víðtæka starfsreynslu á sviði verðbréfamiðlunar. Ráðherra er heimilt að kveða svo á með reglugerð að þeir, sem fullnægja skilyrðum þessum, þurfi að auki að standast sérstakt próf um verðbréfavíðskipti sem haldið skal í samráði við stjórn Verðbréfaþings Íslands, og skal í slíkri reglugerð ákveða hvers efnis prófraun þessi verði, hversu oft hún skuli haldin og hver árangur þurfi að vera til þess að standast hana.
- Setur bankatryggingu að fjárhæð 2 000 000 kr. til að standa straum af greiðslu skaðabóta sem honum kann að verða gert að greiða viðskiptamanni vegna starfsemi sinnar. Fjárhæð bankatryggingar skal bundin lánskjaravísitölu miðað við grunntölu hennar á útgáfudegi laga þessara.

Félagi eða stofnun er óheimilt að reka verðbréfamiðlun nema sá maður, sem veitir verðbréfamiðluninni forstöðu og hefur daglega stjórn hennar með höndum, hafi leyfi skv. 1. mgr. og bankatrygging skv. e-lið 1. mgr. ná einnig til bóta sem félaginu eða stofnuninni kann að verða gert að greiða.

Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verðbréfamiðlun.

Viðskiptaráðherra skal fella úr gildi leyfi til verðbréfamiðlunar missi leyfishafi einhver þeirra skilyrða sem getið er í 1. mgr.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum og löggiltum endurskoðendum er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt að veita tilteknum viðskiptamanni sínum þjónustu sem skv. lögum þessum telst til verðbréfamiðlunar sé hún veitt sem eðlilegur þáttur í víðtækara viðfangsefni.

5. gr.

Óheimilt er að stofna eða starfrækja verðbréfasjóð nema sá maður, sem veitir honum forstöðu og hefur daglega stjórn hans með höndum, hafi fengið leyfi samkvæmt 4. gr.

Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verðbréfasjóði.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur verðbréfamiðlara.

6. gr.

Verðbréfamiðlara ber ávallt að haga störfum sínum á þann hátt að viðskiptamenn hans njóti við kaup og sölu verðbréfa jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör. Skal hann að teknu tilliti til hags og þekkingar viðskiptamanns veita honum greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem honum standa til boða.

7. gr.

Verðbréfamiðlara er skylt að halda fjármunum viðskiptamanns á sérstökum nafnskráðum reikningi.

Skylt er verðbréfamiðlara að annast um að verðbréf, sem hann hefur í vörslum sínum, sé skráð á nafn eiganda enda leiði nafnskráning ekki til ábyrgðar framseljanda á efndum skuldbindingarinnar.

Verðbréfamiðlara er heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi hann fengið skriflegt umboð til þess en skylt er honum að láta kaupanda verðbréfs í té samrit umboðsins sé þess krafist. Í slíkri framsalsáritun verðbréfamiðlara ber að geta þess að verðbréf sé framselt samkvæmt varðveittu umboði. Verðbréfamiðlara er skylt að varðveita slík umboð svo lengi sem réttindi verða byggð á verðbréfi sem hann hefur framselt með þessum hætti.

Sá, sem veitt hefur verðbréfamiðlara umboð samkvæmt 3. mgr., getur ekki beint kröfum að framsalshafa verðbréfs með stoð í heimildarskorti verðbréfamiðlarans nema umboð hans til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

Sé þeim, sem krafa samkvæmt verðbréfi beinist að, óskylt að efna skuldbindingar sínar gagnvart síðasta rétthafa þess nema verðbréfið beri með sér óslitna framsalsröð til hans, skal meta framsalsáritun verðbréfamiðlara samkvæmt 3. mgr. fullgilda þótt umboð fylgi ekki verðbréfinu.

III. KAFLI

Réttindi og skyldur verðbréfamiðlara.

6. gr.

Verðbréfamiðlara ber ávallt að haga störfum sínum á þann hátt að viðskiptamenn hans njóti við kaup og sölu verðbréfa jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör. Skal hann að teknu tilliti til hags og þekkingar viðskiptamanns veita honum greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem honum standa til boða.

7. gr.

Verðbréfamiðlara er skylt að halda fjármunum viðskiptamanns á sérstökum nafnsk-ráðum reikningi.

Skylt er verðbréfamiðlara að annast um að verðbréf, sem hann hefur í vörslum sínum, sé skráð á nafn eiganda enda leiði nafnskráning ekki til ábyrgðar framseljanda á efndum skuldbindingarinnar.

Verðbréfamiðlara er heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi hann fengið skriflegt umboð til þess en skylt er honum að láta kaupanda verðbréfs í té samrit umboðsins sé þess krafist. Í slíkri framsalsáritun verðbréfamiðlara ber að geta þess að verðbréf sé framselt samkvæmt varðveittu umboði. Verðbréfamiðlara er skylt að varðveita slík umboð svo lengi sem réttindi verða byggð á verðbréfi sem hann hefur framselt með þessum hætti.

Sá, sem veitt hefur verðbréfamiðlara umboð samkvæmt 3. mgr., getur ekki beint kröfum að framsalshafa verðbréfs með stoð í heimildarskorti verðbréfamiðlarans nema umboð hans til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

Sé þeim, sem krafa samkvæmt verðbréfi beinist að, óskylt að efna skuldbindingar sínar gagnvart síðasta rétthafa þess nema verðbréfið beri með sér óslitna framsalsröð til hans, skal meta framsalsáritun verðbréfamiðlara samkvæmt 3. mgr. fullgilda þótt umboð fylgi ekki verðbréfinu.

8. gr.

Verðbréfamiðlara er óheimilt að kaupa verðbréf, sem honum er falið til sölu, eða að selja eigið verðbréf í rekstri sínum nema um sé að ræða skráð verðbréf á Verðbréfaþingi Íslands eða viðsemjanda hans sé kunngert hver gagnaðili að viðskiptunum er.

9. gr.

Verðbréfamiðlara ber að gæta þagmælsku um öll viðskipti, sem hann hefur milligöngu um, og um persónuhagi viðskiptamanns síns sem hann öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli málsins nema honum sé gert að veita upplýsingar um þessi efni með dómsúrlausn eða honum sé að lögum skylt að veita þær.

10. gr.

Skylt er verðbréfamiðlara fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að senda viðskiptamönnum sínum skilagrein þar sem fram kemur hver verðbréf eða fjármuni viðskiptamaður hefur átt í vörslum hans við lok næstliðins árs, hver verðbréf hann hafi keypt eða selt í þágu hans eða haft milligöngu um viðskipti með á næstliðnu ári og á hverju verði þau viðskipti hafa átt sér stað.

11. gr.

Skylt er verðbréfamiðlara að kunngera viðskiptamanni fyrir fram hverja þóknun hann muni áskilja sér fyrir þjónustu sína.

IV. KAFLI

Fjárhagsleg ábyrgð gagnvart viðskiptamanni.

12. gr.

Verðbréfamiðlara ber eftir almennum reglum að bæta viðskiptamanni sínum það tjón sem hann bakar honum með störfum sínum sé ekki mælt fyrir á annan veg í lögum þessum.

13. gr.

Glatist heimildarskjal eða fjármunir sem verðbréfamiðlari hefur í vörslum sínum í þágu viðskiptamanns ber honum að bæta allt það tjón er af því hlýst.

14. gr.

Nú skortir verðbréf einhverja þá kosti sem ætla má að áskildir hafi verið og ber þá verðbréfamiðlara að bæta viðskiptamanni sínum það tjón sem af því hlýst enda verði talið verðbréfamiðlara til gáleysis að hafa ekki vakið athygli viðskiptamanns síns á annmarkanum.

V. KAFLI

Eftirlit.

15. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með að ekki sé starfrækt verðbréfamiðlun eða verðbréfasjóður nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra, sbr. 4. gr., og gæta þess að slík starfsemi fullnægi ætíð að öðru leyti skilyrðum laga þessara. Bankaeftirlitið skal eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá verðbréfamiðlara og verðbréfasjóði sem varða starfsemina og nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins.

Vegna ákvæða 6. gr. skal bankaeftirlitið í janúarmánuði ár hvert semja álitserð um efni viðskiptaauglýsinga sem verðbréfamiðlarar og verðbréfasjóðir beina til almennings. Álitserðin skal send viðskiptaráðherra og verðlagsráði.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara eða verðbréfasjóðs brjóti í bága við lög þessi skal tilkynna það viðskiptaráðherra. Sé um meint brot að ræða á 6. gr. eða V. kafla laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti skal einnig senda tilkynningu til verðlagsráðs.

VI. KAFLI

Viðurlög við brotum.

16. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 6 mánuðum hafi maður með höndum verðbréfamiðlun, sbr. 2. gr., eða rekstur verðbréfasjóðs, sbr. 3. gr., án leyfis viðskiptaráðherra eða brjóti gegn ákvæðum III. kafla laga þessara. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Með brot skv. 1. mgr. skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að svipta mann leyfi til verðbréfamiðlunar um stundarsakir standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots leyfishafa á ákvæðum laga þessara.

VII. KAFLI

Gildistaka o.fl.

18. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1986.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. tekur 10. gr. ekki gildi fyrr en 1. janúar 1988.

Starfandi verðbréfamiðlurum við gildistöku laga þessara er heimilt að halda áfram starfi sínu án leyfis viðskiptaráðherra til 1. ágúst 1986.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1986.

Steingrímur Hermannsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
(L. S.)

Magnús Þ. Torfason.

Matthías Bjarnason.